

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Steypustöðin ehf.  
kt. 660707-0420

Starfsstöð: Steinavötn, 781 Höfn

Leyfið gildir frá 25. júní 2020 til 31. desember 2020

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **Steypuframleiðslu vegna brúargerðar við Steinavötn**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til skamms tíma en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda eða ef mengunarhætta reynist meiri en áætlað var.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
Dröfn Svabjörnsdóttir  
AUSTURLANDSSVÆÐIS  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Steypustöðin ehf., kt. 660707-0420

Starfsstöð: Steinavötn, 781 Höfn

Leyfið gildir frá 25. júní 2020 til 31. desember 2020

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Steypuframléiðslu vegna brúargerðar við Steinavötn**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 19. maí 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

---

Um er að ræða framléiðslu á steypu vegna brúargerðar við Steinavötn í Hornafirði.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur, eftir því sem við á.*

### 2. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði.

### 3. Innra eftirlits

---

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal og dagsetja innra eftirlit með eftirtalin atriði ef við á.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar

## 4. Annað sem varðar starfsemina

---

### 4.1. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku samkvæmt reglum þar um.

Fastur úrgangur frá steypuframleiðslu, þ.e. sandur, set, afgangsteypa o.þ.h. skal fargað í samvinnu við sveitarfélagið á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang eða á löglegum sorpförgunarstað.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

### 4.2. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

### 4.3. Mengunaráhöpp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

25. júní 2020

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

25. júlí 2020

Steypustöðin ehf.  
Malarhöfði 10  
110 Reykjavík

**Greinargerð um útgáfu starfsleyfis Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir Steypustöðina ehf.**

Umsókn um tímabundið starfsleyfis fyrir steypuframleiðslu vegna brúargerðar við Steinavötn á Höfn í Hornafirði barst 19.5.2020. Umsækjandi er Steypustöðin ehf., kt. 660707-0420.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 26. maí sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 24. júní 2020.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Gildistími starfsleyfis er frá 25. júní 2020 til 31. desember 2020. Aðrar breytingar voru ekki gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi